

**Umsögn foreldraráðs
skólaárið 2023 – 2024**

Seljaborg og Seljakot

Foreldraráð leikskólanna skipa:

Arnar Gauti Sverrisson

Ásdís Gunnarsdóttir

Heiðrún Grétarsdóttir

María Huld Ingólfssdóttir

Sólveig Steinunn Pálsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tækni breytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs.

Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem

tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.

- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda,

starfsfólks leikskóla, viðtöku skóla og foreldra.

- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.

- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.

- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og

starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs

Þar sem ekki er búið að sameina leikskólana tvo, þó áform séu um það, gefa foreldraráð beggja skóla sameiginlega umsögn um starfsáætlun vetrarins. Foreldraráðin taka undir orð leikskólastjóra að mikil þörf er á sameiningu leikskólanna og vonast til að ákvörðun verði tekin sem fyrst til að einfalda störf stjórnenda og bæta aðstöðu barna í Seljaborg.

Við fögnum áherslu og ríkri umræðu um starfsþróun í leikskólunum, samanber námsferð til Stokkhólms og langan lista símenntunar. Ánægjulegt er að sjá innleiðingu á *Verkfærakistu* sem unnið hefur verið að á síðustu starfsárum. Gefandi er að lesa yfir göfug markmið deilda um lýðræði í starfi, náttúrutengingar, að auka bókaáhuga, virða mörk og fleira og enn betra er að sjá á eigin skinni að leikskólastarfið skilar sér heim.

Mikið kapp er lagt á málörvun í báðum leikskólum og Lubbastundir eru að verða fastur liður á öllum deildum. Virkilega gaman að sjá að árangurinn komi fram í Hljóm2 athugunum elstu barnanna.

Í gegnum áætlunina er greinilegt að stjórnendur ná að nýta reynslu í öðru húsinu og yfirfæra á hitt húsið á báða bóga og mikill samhljómur er í umbótatöflum beggja skóla.

Í *Ytra mati* er fjallað um viðhorfskönnun bæði foreldra og starfsmanna. Foreldraráð fagnar jákvæðum niðurstöðum en veltir á sama tíma fyrir sér hvers vegna starfsfólk Seljaborgar fengu ekki tækifæri til að svara viðhorfskönnun.

Líkt og síðasta ár vill foreldraráð benda á nokkur atriði sem það telur að geti styrkt starf leikskólanna og jákvæða upplifun barna og foreldra:

- *Stjórnendur leikskólans beiti sér fyrir því að stofnað verði foreldrafélag til að efla samstarf foreldra og leikskólans á Seljaborg.*
- *Bæta má upplýsingagjöf varðandi aldursskiptinguna, nú eru elstu börnin ekki öll saman á einni deild eins og verið hefur á Seljakoti. Foreldrar eru illa upplýstir um ákvörðunina og framhaldið.*
- *Að Vala sé nýtt enn betur sérstaklega á yngstu deildunum varðandi t.d. matseðil og svefn, eins þegar viðburðir eru framundan eins og litaðir dagar, leikhúsferðir eða annað brot á hefðbundinni dagskrá væri gott að sjá það inn á viðburðum í Völu.*
- *Að lokum furðar foreldraráð sig á því að nú sé fjórða starfsár að hefjast með sameiginlegri stjórnun en ekki sé búið að ljúka þeirri vinnu.*
 - *Foreldraráð óskar eftir samtali, við fyrsta tækifæri, milli Reykjavíkurborgar og foreldra hvað varðar framtíðarsýn leikskólanna Seljaborgar og Seljakots.*

Fyrir hönd foreldraráðsins,

Arnar Gauti Sverrisson

Ásdís Gunnarsdóttir

Heiðrún Grétarsdóttir

María Huld Ingólfssdóttir

Sólveig Steinunn Pálsdóttir